

Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

23. febrúar 2022

Mættir: Ásdís Björg Björgvinsdóttir, Inga Lóa Karvelsdóttir, Sunna Rós Svansdóttir, Sigurður Arnar Sölvason og Agnieszka Korpak.

Fjarverandi: Unnur Tedda Þorgrímsdóttir og Guðrún Magnúsdóttir.

Fundur fór fram rafrænt í gegnum samskiptabúnaðinn Teams.

Fundur settur kl 16:30.

Farið var yfir jóladagskrána og allir sammála því hvað gekk vel. Leitt var þó að þurfa að fresta jólaballi vegna covid. Einhver okkar sjá fyrir sér að sitja áfram í foreldrafélaginu næsta skólaár og stefnum við þá á að reyna á þessa hugmynd aftur.

Gjaldkeri upplýsti um fjárhagsstöðu foreldrafélagsins og rætt er um styrktarumsókn til sveitafélagsins vegna vorhátíða leik- og grunnskóla.

Formaður segir frá tölvupósti sem henni barst vegna tilboðs á rafbók um skynjunarleik fyrir leikskólabörn. Ákveðið að kanna þetta nánar og einnig hvort finna megi sambærilegt fyrir grunnskólabörnin.

Umræða um að fresta bingói sem vonast var eftir að halda í vor í ljósi covid og tímaskorts af völdum mikilla smita í okkar nærumhverfi. Við sem ætlum að sitja áfram í foreldrafélaginu stefnum á að reyna aftur að ári.

Umræða um forvarnarverkefni, formaður hefur haft samband við skólastjóra grunnskóla varðandi þetta. Tekið var vel í þessa hugmynd og hafði hún sjálf þegar athugað með fyrirlesara og ætlaði að fylgja því eftir og leyfa formanni að fylgjast með. Formaður mun fylgja þessu eftir.

Almenn umræða meðal stjórnarmeðlima.

Umræða á sér að lokum stað um vorhátíð leik- og grunnskóla. Í ljósi þess að þörf hefur verið á því að fresta tveimur viðburðum sem við ætluðum að halda á þessu skólaári viljum við gera meira fyrir börnin okkar á vorhátíðinni. Hugmyndum er kastað fram um hvað sé hægt að gera og bjóða uppá.

Ákveðið var að hittast næst í kringum mánaðarmót apríl/máí en vera í sambandi í gegnum facebook hópinn þangað til.

Fundi slitið kl 17:30

Fundargerð rituðu Ásdís Björg Björgvinsdóttir og Sunna Rós Svansdóttir